Fjórðungssamband Vestfirðinga

*Árneshreppur*
*Bolungarvíkurkaupstaður*
*Ísafjarðarbær*
*Kaldrananeshreppur*
*Reykhólahreppur*
*Strandabyggð*
*Súðavíkurhreppur*
*Vesturbyggð*

Ísafirði 12. ágúst 2024

**Boðun á 69. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti, 18. – 19. október 2024, á Hótel Laugarhóli í Bjarnafirði.**

Með vísan til 3. og 11. greinar samþykkta Fjórðungssambands Vestfirðinga er hér með boðað til 69. Fjórðungþings Vestfirðinga að hausti í samræmi við samþykkt[1] 69. Fjórðungsþing að vori sem haldið var þann 10. apríl s.l.. Dagskrá er samkvæmt 11. gr. samþykkta;

1. *Ávarp formanns FV.*
2. *Skýrsla um framkvæmd og stöðu Sóknaráætlunar Vestfjarða*
3. *Ályktanir um helstu hagsmunamál Vestfirðinga og stefnumótun sveitarfélaganna í einstaka málum*
4. *Laun og þóknun til stjórna og nefnda.*
5. *Ákvörðun um árstillag sveitarfélaganna á næsta starfsári*
6. *Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsárs.*
7. *Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis.*
8. *Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns*
9. *Kosning í fastanefndir*
10. *Breytingar á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga*
11. *Önnur mál löglega fram borin.*

Mæting og skráning þingfulltrúa og gesta, hefst kl 10:30, föstudaginn 18. október., en þingið sjálft verður sett kl 11:00 og áætluð þingslit eru kl 15.00, laugardaginn 19. október.

Viðfangsefni þingsins er þríþætt. Vinnustofa um framtíðarsýn Vestfjarða sem lið í gerð vinnslutillögu Svæðisskipulags Vestfjarða, kynning á nýrri Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 og síðan hefðbundin þingsstörf samkvæmt 11. gr samþykkta og afgreiðsla ályktana.

Áskilin er réttur til að breyta dagskrá þingsins allt að 10 dögum fyrir þingið. Slík dagskrábreyting verður kynnt sérstaklega, auk þess sem hún verður sett inn á vef Vestfjarðastofu. Einnig verða sett inn önnur gögn er varða þingið.

Skráning, gögn og upplýsingar um gistingu má finna á heimasíðu Vestfjarðastofu – Skráning og gögn

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga
Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

[1] https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/69thing/vor/thingskjal-6-akvordun-dagsetningar-haustthings-og-umfjollunarefnis.pdf